

Alþingi
Erindi nr. P 140/2258
komudagur 8.5.2012

FW: Mótmaeli!!!

Jóna Ágústa [homopati@simnet.is]

Sent: 8. maí 2012 10:55

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Ég Jóna Ágústa Ragnheiðardóttir 2607575559, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælan og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga."

Með kveðju

Jóna Ágústa Ragnheiðardóttir.